

KIRKJUGARÐARÁÐ

71. fundur haldinn 8. júní 2009 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Guðmundur Rafn Sigurðsson sem stjórnaði fundi í fjarveru Ragnhildar Benediktsdóttur formanns ráðsins, Sigurgeir Skúlason, Þórsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson og Gunnar Bollason í stað Kristínar Huldar Sigurðardóttur sem auk Ragnhildar Benediktsdóttur hafði boðað forföll. Valtýr Valtýsson var fjarverandi. Gunnar ritaði fundargerð.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur var settur kl. 13:15.

Var fundargerð 70. fundar samþykkt án athugasemda.

2. Kynning á hugmyndum um gerð heimildarmyndar um járnminnismerki

Sigrún Jónsdóttir Franklín kom á fundinn kl. 14:03. Kynnti hún hugmyndir sínar um viðgerð á pottjárnskrossi í kirkjugarðinum á Mýrum í Dýrafirði og að um leið yrði gerð heimildarmynd um viðgerðina og pottjárnsminnismerki almennt.

Fornleifavernd ríkisins hefur veitt leyfi til viðgerðarinnar í náinni samvinnu við stofnunina. Sigrún fór af fundinum um 14:50. Fundurinn taldi að hér væri um metnaðarfullt verkefni að ræða. Ekki er fyllilega ljóst hvaða heimildir Kirkjugarðasjóður hefur til styrkveitingar af þessu tagi.

Ákveðið var að biðja Guðmund Þór lögfræðing að kanna heimildir sjóðsins áður en Sigrún sækir um styrk.

3. Skýrsla um fjármál kirkjugarða fyrir árið 2008 (tekin fyrir fyrst)

Mættur var á fundinn Björn Sveinsson skrifstofustjóri KGRP og gerði hann grein fyrir skýrslunni. Björn kom einnig með uppgjör frá Björgu endurskoðanda hjá Deloitte (sjá fundargerð 70. fundar). Skýrslan verður sett á Vefinn. Reikningar voru samþykktir, en Kristín Huld og Ragnhildur munu undirrita þá síðar. Björn vék af fundi kl. 13:33.

4. Niðurlagður kirkjugarður í Búðardal á Skarðsströnd

Í Búðardal á Skarðsströnd er gamall kirkjugarður, en sneið af honum hefur lent undir byggingu fyrir áratugum. Benedikt Eyjólfsson hefur nýlega keypt jörðina og hyggst endurbæta húsakost og vill um leið gera kirkjugarðinum eitthvað til góða. Guðmundur Rafn hefur bent Benedikt á að ekkert umhirðugjald muni fylgja kirkjugarðinum.

Guðmundur leggur til að minjavörður Fornleifaverndar ríkisins á Vesturlandi skoði garðinn, geri úttekt og komi með tillögur. Var ákveðið að Guðmundur Rafn, Magnús A. Sigurðsson minjavörður og Benedikt ræddu saman.

5. Ráðstefna NFKK í Gautaborg 10.- 12. september

Í fjárhagsáætlun var áður bókað að ráðið samþykkti að fulltrúi færi á nefnda ráðstefnu. Var ákveðið að framkvæmdastjóri, Guðmundur Rafn Sigurðsson, sækti ráðstefnuna í haust.

6. Næsti fundur

Ákveðið var að 72. fundur Kirkjugarðaráðs yrði haldinn mánudaginn 24. ágúst n.k.

7. Önnur mál

Tölvupóstur varðandi kirkjugarðinn í Keflavík lagðir fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 15:08.

Guðmundur Rafn Sigurðsson,
f.h. formanns

Gunnar Bollason,
ritari